



## Fjárhagslegar breytingar vegna hins nýja félags

Sjálfstæð félög geta sótt um fjármögnun í eigin nafni. Þetta getur opnað ný tækifæri til að sækja um fjármögnun.

Stjórn hins nýja félags ber lagalega ábyrgð á fjármálum þess og ber að sjá um reikningsskil í samræmi við finnsk lög. Fjármálin verða áfram í höndum framkvæmdastjóra. Þingið samþykkir fjárhagsáætlun komandi árs, reikningsskil fyrra árs og ársskýrslu stjórnar.

Fjárhagur Norðurlandaráðs ungliða (UNR) færirst að fullu yfir á eigin reikning UNR þegar reikningsskil ársins 2024 eru frágengin til að tryggja að rétt sé staðið að yfirfærslunni. UNR ræður ekki yfir öðrum eignum en innistæðum á bankareikningnum.

### Nýir kostnaðarliðir:

Um er að ræða kostnaðarliði þar sem UNR hefur greitt um 20% af heildarkostnaði samkvæmt samstarfssamningi við PNU. Þegar sjálfstætt félag er stofnað verða til nýir kostnaðarliðir vegna eigin samninga og leyfisgjalda.

- Eigin samningur við banka og greiðsla allra útgjalda þar að lútandi að fullu.
- Eigin samningur við endurskoðendastofu og útvega eigið leyfi vegna reikningsskila, reikningsskilin eru í höndum framkvæmdastjórans.
- Eigin samningur við endurskoðanda.
- Ársskýrslur til yfirvalda, svo sem Einkaleyfa- og skráningaryfirvalda í Finnlandi.
- Eigin ábyrgðartrygging.

### Stjórnsýslukostnaður/ár:

| Kostnaðarliðir | Eigin samtök | Fyrri viðburðir |
|----------------|--------------|-----------------|
| Bankagjöld     | 950,00 €     | 216,00 €        |
| Bókhald        | 1.700,00 €   | 1.400,00 €      |
| Endurskoðun    | 2.900,00 €   | 610,00 €        |
| Tryggingar     | 1.350,00 €   | 350,00 €        |
| Alls           | 6.900,00 €   | 2.226,00 €      |

### Óbreyttur kostnaður:

- Starfsmannatengdur kostnaður, UNR stendur þegar að öllu leyti fyrir sínum hluta af þessum kostnaði.
- Húsnæðiskostnaður, vélar, símar o.s.frv.

### Starfsfólk:

Starfsfólkið er enn sem komið er ráðið til starfa hjá Pohjola-Nordens Ungdomsförbund (Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi) og starfar fyrir UNR samkvæmt samstarfssamningi á sama hátt og hingað til. Starfsmannakostnaður byggist á raunkostnaði, s.s. vinnutíma, hlunnindum, dagpeningum, heilsugæslu á vinnustað o.s.frv.

Þegar UNR hefur komið sér fyrir og starfsemin er komin í réttar skorður, verður tímabært að ræða beinar ráðningar til UNR. Mikilvægt er að hafa í huga að þar sem starfsfólkið heyrir beint undir stjórnina ber stjórnin lagalega ábyrgð atvinnurekanda í samræmi við finnsk lög. Þá er mikilvægt að skoðað verði hver eigi að stjórna skrifstofunni. Framkvæmdastjóri PNU starfar í dag sem framkvæmdastjóri UNR 30 vinnudaga á ári og ber sem atvinnurekandi ábyrgð á starfsfólki UNR.